

6. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 10.01. 2022 kl. 19:30 – fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri (forföll), Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Fundargerð 5. fundar lögð fram og samþykkt með breytingartillögum.

Umræður út frá fundargerð 5. fundar:

- 1) Allar bankaupplýsingar komnar til banka en ekkert hefur heyrst frá banka enn.
- 2) Jólafundur með Evrópudeildum tókst vel. Aðsókn var góð og fundurinn vel skipulagður. Í ljós kemur að fundir kveikja áhuga á að starfa með erlendum nefndum. Guðrún Edda þakkar Anítu framlag sitt fyrir hönd stjórnar.
- 3) Sú skoðun sem reifuð var á síðasta fundi um að við ættum ef til vill ekki möguleika á að tefla fram tilnefningu frá Íslandi um stöðu Evrópuforseta var leiðrétt. Deildir á Íslandi eru fjölmennar og öflugar og litið væri til mikilvægi þess.
- 4) Guðrún Edda minnir á mikilvægi þess að þau verkefni sem fengið hafa styrk sé gefinn vettvangur til kynningar. Einnig ræðir hún að nýlega hafi verið vakin athygli á FB-síðunni á fjölmiðlaumfjöllun um tvær félagskonur í DKG, Birnu Sigurjónsdóttur í Lambdadeild og Stellu Guðmundsdóttur í Gammadeild og að áfram verði hvatt til þess að leita leiða til að vekja athygli á því þegar félagskonur DKG hljóta viðurkenningu í samfélaginu.

2. Fréttir frá nefndum – óska eftir í fréttabréf forseta?

Guðrún Edda setur fram vangaveltur um fréttabréf og tengsl við nefndir og deildir. Rætt um hvort virkja ætti samskipta- og útgáfunefnd til að kalla eftir efni frá deildum 1-2 ári í fréttabréf til að gefa deildum kost á að segja frá starfi sínu áður en til árlegrar skýrslu kemur. Að á miðju tímabili geti deildir sagt frá starfinu þegar eitthvað sérstakt er í gangi. Rætt var um hvort það ætti heima í fréttabréfi forseta eða fréttabréfi frá nefnd.

3. Vorráðstefna 7. maí 2022;

- a. **Staður** – Rætt um að panta sal á Grand Hótel og bjóða líka upp á streymi en jafnframt leggja áherslu á að mikilvægt sé að halda ráðstefnuna. Mikilvægt að fá góð tilboð, bæði í stað og streymi.
- b. **Tími** – 7. maí í Reykjavík, 10-16 með hádegishléi. Aníta tekur að sér að kanna flug, tíma og verð á því. Tillögur um stað og tíma birtar með fyrirvara. Stjórn skipuleggur ekki gistingu fyrir landsbyggðarkonur. Mælt með því að þær komi sér á staðinn daginn áður.
- c. **Dagskrá** – Menntamálanefnd sér um dagskrána en landssambandið um tónlistaratriði og stjórn ráðstefnunnar.
- d. **Rammi fyrir menntamálanefnd**

Rætt um að menntamálnefnd skili inn sínum tillögum fyrir lok febrúar en Guðrún Edda sér um að ganga frá tíma fyrir erlenda fyrirlesarann en tillaga liggur fyrir um Gayle Goolsey, verðlaunahafa DKG 2020, um bók hennar *Unveiled Truth: Lessons I Learned Leading the International School of Kabul*, sem fjallar reynslu hennar af rekstri alþjóðlegs skóla í Afganistan.

e. Plan B – fjarráðstefna, streymi?

Mikilvægt að hafa skipulag einfalt með það í huga að ráðstefnan gæti orðið eingöngu í streymi sem ræðst af stöðu veirunnar þegar nær dregur að vori. Mikilvægt að fá gott tilboð í streymi hvort heldur sem streymt er frá ráðstefnunni eða hún öll eingöngu í streymi.

4. DKG Europe Education Series á vorönn

Eygló varpar fram fyrirspurn um viðburðardagatal á FB þar sem finna þyrfti fleiri leiðir til að minna félagskonur á viðburði. Minna þyrfti deildir á að setja fundartíma sína inn á dagatalið á DKG síðunni. Benti Eygló á að hægt væri að senda henni upplýsingar um það. Rætt um hvort setja ætti evrópsku erindin þar inn. Rætt var um að upplýsingaflæðið mætti samt ekki verða of mikið. Rætt um að hvetja formenn til að nota FB DKG til að vekja athygli á félagskonum sínum því þeir vita meira um þær en landssambandið. Mikilvægt að fá færi á að hrósa konum í deildum sem eru að gera áhugaverða hluti s.s. áhugaverðar greinar í tímaritum, trúnaðarstörf eða hvað sem tengist fræðslumálum.

Önnur mál

Guðrún Edda bendir á að Jenna sé að hætta störfum sem gjaldkeri og umræður um hvernig best væri að kveðja hana og þakka henni þau. Ákveðið að biðja með það fram á vorráðstefnu. Rætt um reglur um nælur þegar konur láta af störfum. Ákveðið að kynningarblað fyrir vorráðstefnu yrði tekið fyrir á næsta fundi í febrúar.

Næsti stjórnarfundur settur 07. febr. 2022. kl. 19:30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:47

Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir